

**140. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
18. nóvember 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundur haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

**Fyrir tekið:**

**1. 2009162 - Fjárhagsáætlun 2021 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2022-2024**

Vinna við fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar 2021.

*Laufey Jónsdóttir forstöðumaður stuðnings- og stoðþjónustu sat fundinn undir þessu lið.*

*Fjárhagsáætlun kynnt.*

**2. 2009128 - Reglur Akraneskaupstaðar um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.**

Í fjáráukalögum fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 26/2020, nr. 36/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins, var samþykkt 600 m.kr. framlag til sveitarfélaga í því skyni að gera þeim kleift að veita styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn geti óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómstundir.

Akraneskaupstaður hefur sett sér reglur í samræmi við leiðbeiningar félagsmálaráðuneytisins um úthlutun sérstakra íþrótt- og tómstundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum. Lögð er fram einbreyting á orðalagi í fyrirbyggjandi reglum.

Styrkveitingin verður kynnt sérstaklega á næstu dögum.

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrirbyggjandi reglur og vísar þeim til afgreiðslu í bæjarráði.*

*Velferðar- og mannréttindaráð vill vekja athygi á að búið er að opna fyrir umsóknir á sérstökum íþrótt- og tómstundastyrkjum en sótt er um á [Ísland.is](https://island.is) (<https://island.is/styrkur-til-ithrotta-og-tomstundastarfs>)*

**3. 2011049 - Fjöliðjan - húsnæðismál / Smiðjuvellir 9**

Fyrirliggjandi eru drög að áframhaldandi samning Akraneskaupstaðar við Fasteignafélagið Smiðjuvellir 9 húsnæðis fyrir Fjöliðjuna vinnu- og hæfingarstað.

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að áframhaldandi leigusamning við Fasteignafélagið Smiðjuvellir 9, húsnæði fyrir Fjöliðjuna vinnu- og hæfingarstöð.*

**4. 2011050 - Blóðskilun**

Borist hefur svar frá heilbrigðisráðuneytinu vegna erindis bæjarstjórnar Akraness til heilbrigðisráðherra dagsett þann 26. mars 2020 þar sem óskað var eftir því að heilbrigðisyfirvöld hefji blóðskilunarmeðferð við Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi.

Svar ráðuneytisins er eftirfarandi:

Helstu rökin sem þar eru lögð fram tengjast annars vegar ójafnræði íbúa Akraness og höfuðborgarbúa er varðar ferðakostnaðar og ferðafylgd ættingja. Hins vegar er tilgreint ójafnræði íbúa Akraness samanborið við íbúa Árborgar, en boðið er upp á blóðskilunarmeðferð við HSU á Selfossi.

Ráðuneytið hefur skoðað málið og m.a. fengið álit Landspítala sem hefur yfirumsjón og yfirsýn með allri blóðskilunarmeðferð sem veitt er á landsvísu.

Í dag eru blóðskilunareiningar utan Reykjavíkur á Neskaupsstað, á Selfossi, á Akureyri og á Ísafirði. Ástæða þess að skilunareiningar eru á þessum stöðum eru fyrst og fremst ferðalengd sjúklings og erfið færð um fjallvegi yfir vetrartímann. Í nágrannalöndum er einungis mælt með því að setja á fót blóðskilunareiningu utan aðalmeðferðarstofnunar þegar ferðatími er svo langur og íþyngjandi fyrir sjúklinginn að hann vegur þyngra en ávinningur af staðbundinni meðferð með þeirri umgjörð sem nauðsynleg er að sé til staðar. Þegar horft er til samanburðar Akraness og Selfoss munar mestu að milli Reykjavíkur og Selfoss er um fjallveg að fara sem hefur sögu um nokkuð tíðar lokanir vegna veðurs að vetri. Lokanir sem almennt eru oftast og vara lengur en þær lokanir sem helst eru á leiðinni milli Akraness og höfuðborgarsvæðis. Það er mat ráðuneytisins í ljósi vegalenda og ástand vegna sem hér um ræðir að ekki sé tilefni til að setja á fót blóðskilunareiningu við Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi.

Sjúkratryggingar Íslands greiða  $\frac{3}{4}$  ferðakostnaðar vegna blóðskilunar, nýti sjúklingur leigubíl, en  $\frac{2}{3}$  hluta kostnaðar, noti sjúklingur eigin bifreið eða nýti áætluð ferðir. Það er því ljóst að kostnaður sjúklingsa sem búa fjarri blóðskilunarstöð getur verið töluverður til lengri tíma lítið.

Með nýrri tækni og framförum í hinum ýmsu meðferðum langveikra sjúklingsa er nauðsynlegt að fara yfir stöðu mála og hvaða þjónustu skuli veita á hverjum stað. Það er hollt og góð umræða og því þakkar ráðuneytið bæjarstjórninni erindið og þær ábendingar sem þar koma fram.

F.h. heilbrigðisráðherra.

*Laufey Jónsdóttir forstöðumaður stuðnings- og stoðþjónustu sat fundinn undir þessu lið.*

*Velferðar- og mannréttindaráð hagnar niðurstöðu ráðuneytisins og felur sviðsstjóra að vinna málið áfram í samráði við bæjarstjóra.*

## 5. 2011027 - Reglur um akstursþjónustu fyrir aldraða

Drög að endurskoðun á reglum um akstursþjónustu fyrir aldraða liggja fyrir.

*Laufey Jónsdóttir forstöðumaður stuðnings- og stoðþjónustu sat fundinn undir þessum lið.*

*Laufey kynnti fyrirbyggjandi drög að endurskoðun á reglum um akstursþjónustu. Velferðar- og mannréttindaráð felur starfsmönnum að vinna málið áfram.*

Fundargerð samþykkt af öllum fundarmönnum með rafrænum hætti. KS, AÞÞ, EB, SK og SH.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.**